



Drög að reglum
Grímsnes- og Grafningshrepps
um heimgreiðslur til foreldra/forráðamanna

1. gr.

Markmiðið með þessum reglum er að brúa bilið frá fæðingarorlofi þar til barni býðst leikskólalátt með heimgreiðslum til foreldra/forráðamanna barns. Auk þess að koma til móts við foreldra/forráðamenn eldri barna sem eru að bíða eftir leikskólalátt.

2. gr.

Foreldrum/forráðamönnum barna með lögheimili í Grímsnes- og Grafningshreppi er heimilt að sækja um heimgreiðslur með því skilyrði að barn sé á biðlista eftir leikskólalátt.

Foreldrar/forráðamenn hafa rétt á að sækja um heimgreiðslur frá 12 mánaða aldri barns.

Greiðslur falla niður þann dag sem barn hefur leikskólagöngu.

3. gr.

Heimgreiðslur eru 130.000,- krónur á mánuði fyrir hvert barn og fást að hámarki greiddar í 11 mánuði á ári. Heimgreiðslur eru ekki greiddar fyrir júlímánuð.

Heimgreiðslur frá Grímsnes- og Grafningshreppi eru greiddar sem styrkur.

4. gr.

Barn og foreldrar/forráðamenn þess skulu hafa lögheimili og búsetu í Grímsnes- og Grafningshreppi. Við flutning á lögheimili úr sveitarfélaginu falla heimgreiðslur niður frá og með sama degi.

5. gr.

Sækja skal um heimgreiðslur á umsóknareyðublaði sem nálgast má á heimasíðu Grímsnes- og Grafningshrepps.

6. gr.

Heimgreiðslur eru greiddar eftir á frá næstu mánaðamótum eftir að barn hefur náð tilskyldum aldri. Umsókn um heimgreiðslur þarf að berast fyrir 25. dag mánaðar fyrir komandi mánaðamót. Heimgreiðslur eru ekki afturvirkar.

7. gr.

Reglur þessar eru endurskoðaðar við fjárhagsáætlunargerð hvers árs og oftast ef ástæða þykir til.